



Fundargerð – kynningarfundur

Heiti og númer verkefnis:	Stekkjarkakki, Þ73 Nýtt deiliskipulag
Dags. tími:	Miðvikudagur, 20. janúar 2019, kl 17:30 Gerðubergi
Fundarstjóri:	Óskar Dýrmundur Ólafsson
Til svara:	Til svara á fundinum eru einnig, auk þeirra sem eru nefndir í dagskrá: Björn Axelsson , skipulagsfulltrúi Þorsteinn Rúnar Hermannsson , samgöngustjóri Reykjavíkurborgar Þórólfur Jónsson , deildarstjóri náttúru og garða hjá Umhverfis- og skipulagssviði Örn Sigurðsson , lögfræðingur hjá Umhverfis- og skipulagssviði Hafsteinn Helgason , sviðsstjóri þróunar hjá Eflu verkfræðistofu Kristján Kristjánsson , fagstjóri ljósaönnunar hjá Eflu verkfræðistofu
Ritari:	Björn Ingi Edvardsson , verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa

Dagskrá

Ávarp: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs.
Ellidaárdalur, deiliskipulag og Stekkjarkakki Þ73: Þráinn Hauksson frá Landslagi ehf
ALDIN BioDome, gróðurhvelving: Hjördís Sigurðardóttir frá Spor í sandinn
Garðyrkjufélag Íslands, starfsemi félagsins kynnt. Kristinn H. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Fyrirspurnir

Kynningargögn er að finna á <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/stekkjarkakki-th73-0>
Glærur frá fundinum verða einnig á vef Reykjavíkur.

Nr.	Dagskrárliður	Tími
1	Ávarp Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs opnar fundinn og býður alla velkomna. Í framhaldinu fer Óskar Dýrmundur fundarstjóri yfir dagskrá fundar og uppleggið um að honum ljúki um kl. 19.00.	Kl. 17.35
2	Ellidaárdalur, deiliskipulag og Stekkjarkakki, Þ73 Þráinn Hauksson hjá Landslagi ehf kynnir tillöguna sem er í skipulagsferli fyrir þróunarreit 73, auk þess sem fjallað er lítillega um skipulagstillöguna fyrir Ellidaárdalinn sem er í vinnslu, sem er gert ráð fyrir að verði kynnt í sumar/haust. Skipulagstillagan fyrir Þ73 er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/stekkjarkakki-th73-0	Kl. 17.40



3	ALDIN BioDome, gróðurhvelving Hjördís Sigurðardóttir frá Spor í sandinn kynnir sín uppbyggingáform á þróunarreit 73 við Stekkjarbakka, BioDome Aldin.	Kl. 18.05
4	Garðyrkjufélag Íslands, GÍ Starfsemi Garðyrkjufélagsins kynnt. Kristinn H. Þorsteinsson.	Kl. 18.25
5	Fyrirspurnir <p>Vigdís spyr um gömlu húsin innan skipulagssvæðisins. Svar: Þráinn Hauksson svara. Varðandi íbúðarhúsin þá er eitt hús inn reitsins, sem er Gilsbakki sem er víkjandi skv. skipulagi og ekki gert ráð fyrir að þau verði þarna til langframa.</p> <p>Jóni finnst skrýtið að hleypa þessari „gerviperlu“ inn á svæði Elliðaárdalsins. Ef þetta fer á hausinn, hvað kemur í veg fyrir að þeir sem standi á bakvið þetta breyti þessu í eitthvað annað. Svar: Þráinn Hauksson svara. Mörk Elliðaárdalsins hafa verið skilgreind og þau eru við afmörkun skipulagsins við Stekkjarbakka Þ73.</p> <p>Anný, tvær spurningar – í fyrsta lagi um skipulag Elliðaárdalsins og mörk dalsins og í öðru lagi um ljósmagn og lýsingu á svæðinu. Svar: Svar varðandi mörk dalsins, sjá að ofan. Kristján hjá Eflu svarar varðandi lýsingarmál - varðandi lýsinguna þá hún ekki sambærileg við gróðurhús lýsingu sbr. við Lambhaga. Ekki er hægt að vernda myrkrið í dalnum. Núverandi aðstæður í dalnum eru ekkert sérstakar m.t.t. lýsingar, en vernda þarf næturmyrkrið. Sú lýsing sem er til staðar innan byggingar og endurkast þess, ætti ekki að vera meira en 15% - en sett er í skilmála að endurkast frá byggingu fari niður í 2,5%. Tímamörk eru sett á að 25% þess lýsingar fari niður á nóttinni. Lóðarhafar og uppbyggingaraðilar þurfa þ.a.l. að leysa þessi mál á hönnunarstigi byggingar þar sem þetta er í skilmálum deiliskipulagsins.</p> <p>Anna, í stjórn Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins – spyr um ástæður þess að Hollvinasamtökin hafi ekki fengið að tala á fundinum. Svar: Sigurborg Ósk svara. Á kynningarfundum fyrir skipulag er verið að kynna hugmyndir skipulagsins, ekki kappræðukeppni heldur verið að miðla upplýsingum á skilvirkan hátt, alls ekki verið að þagga niður neinar raddir. Mögulega mistök að skipuleggja ekki sérstakan fund með Hollvinasamtökunum fyrir þennan fund.</p> <p>Alexandra finnst framkomnar hugmyndir bæta miklu við Elliðaárdalinn. Spyr um samstarf varðandi aðgang að „hvelvingum“ fyrir skóla, kennslu o.fl. Svar: Hjördís Sigurðardóttir svara. Hún myndi vilja fá sem flesta, skólabörn til sín, og ákveðin rými eru hönnuð m.t.t. þess fyrir börn (á öllum aldri) til að upplifa svæðið í kennslu og lærdómi.</p> <p>Sigurður spyr hvort búið er að breyta skipulagslögnum og finnst búið að hanna nánast húsin áður en skipulag hefur verið samþykkt. Svar: Björn Axelsson svara. Engar lóðarúthlutanir hafa farið fram, heldur er um viljayfirlýsingar að ræða til að þróa verkefnið áfram með skipulagið í huga.</p> <p>Erla spyr hver borgar verkefnið og aðgangseyrir inn. Svar: Hjördís Sigurðardóttir svara. Fjármögnun er í gangi og skipulagsvinnan er fyrsta skrefið í frekari útvíkkun á því að halda áfram með verkefnið. Ókeypis aðgangur að torginu sem er innandyra, en svo er verið að útfæra frekar hvernig valmöguleikar verða varðandi önnur svæði.</p> <p>Begga Rist, finnst þetta svæði ansi ljótt í dag, og vill hrósa hugmyndinni og metnaðinum sem er í skipulagstillögunni og vill fá BioDome Aldin í Breiðholtið. Spyr</p>	Kl. 18.35



<p>varðandi lýsingarmálin – er ljós frá Garðyrkjufélaginu. Svar: Kristinn H. Þorsteinsson svarar. Lýsing verður takmörkuð frá starfsemi GÍ og félagið hugsar þetta meira út frá matjurtaræktun, engin næturlýsing áætluð.</p> <p>Guðjóni finnst þessar hugmyndir sem hafa verið kynntar að mörgu leyti góðar – en veltir fyrir sér hvort væri hægt að halda hugmyndasamkeppni um nýtingu svæðisins enn frekar m.t.t. útivistar. Svar: Sigurborg Ósk svarar. Tilvalið að skoða það og meðal annars m.t.t. vesturhluta svæðisins sem á eftir að þróa frekar inn í skipulag.</p> <p>Dagný fagnar þessum hugmyndum. Áður hafa verið hugmyndir um Slökkvistöð á reitnum og þessar hugmyndir eru bæting á þeirri tillögu. Spyr hvort hægt væri að tengja hestamennsku við hugmyndir á reit Þ73, vill sjá lifandi samspil þarna á milli. Svar: Sigurborg Ósk svarar. Reiðstígur hefur verið malbikaður og gerður að hjólastíg sem hefur þ.a.l. takmarkað aðgengi hestamanna niður í dalinn. Farið var í framkvæmdirnar til að auka öryggi gangandi og hjólandi með aðskilnaði á milli.</p> <p>Guðmundur spyr um viðskiptamódelið varðandi BioDome Aldin og hvað þetta eykur umhverfið um hverfið og dalinn. Hvað lýsist mikið upp í himininn á lágskýjuðum dögum, og áhrif á lífríkið í dalnum/Elliðaáarnar. Svar: Hjördís Sigurðardóttir svarar. Gert er ráð fyrir 300-400 þ. manns á hverju ári skv. viðskiptamódelinu, 30% fólks á einkabíl en aðrir á vistvænum samgönumáta. Álag á umferð er ekki á morgnanna og síðdegis. Björn Axelsson svarar. Þessi framkvæmd og skipulagstillaga er ekki talin hafa áhrif á lífríki Elliðaáanna.</p> <p>Ólafur spyr hvort ekki sé málið, frekar en að byrja á jaðri Dalsins, hvort ætti ekki fyrst að fara í heildarskipulag á dalnum. Svar: Sigurborg Ósk svarar. Það er í gangi vinna við heildarskipulag Elliðaárdalsins, allt svæðið skoðað og þar kemur í ljós hvort tilefni gefur til frekari verndunar.</p> <p>Þorsteinn Tómasson er ánægður með tillögur og vill að farið verði samtímis í heildarskipulag Elliðaárdalsins.</p> <p>Hildur spyr um byggingar á nýjum íbúðum á lóð nr. 2. Svar: Björn Axelsson svarar. Um er að ræða búsetuúrræði en ekki almennar íbúðir.</p> <p>Björn Ólafsson spyr um hvort þetta verði bara fyrir túristana og óar svolítið við uppbyggingunni og of dýrt þegar fram í sækir. Svar: Hjördís Sigurðardóttir svarar. Verkefnið er hannað fyrir Íslendinga, nágrennið og borgarþúa og á þeim rökum að við „þurfum“ svona svæði eða byggingu. Hannað út frá þörfum fyrir Íslendinga en auðvitað eru allir velkomnir..</p> <p>Elsa Dóra leggur áherslu á óræktina á svæðinu og finnst tilvalið að gera eitthvað þarna. Miðað við uppbygginguna og tölurnar sem eru lagðar fram þá megi gera ráð fyrir/þurfi allavega um 1000 manns á dag tengt Aldin BioDome, til að það verkefni gangi upp. Svar: Hjördís Sigurðardóttir svarar. Ekkert skilyrði að þarna þurfi 1000 manns á dag til að þetta gangi upp, sérfræðingar hafa verið að vinna með í verkefinu í samráði við viðskiptaráðgjafa og bera sig saman við rauntölur á svipuðum stöðum erlendis – um er að ræða spár.</p>	
---	--

Bent er á að ábendingum og athugasemdum við tillöguna er skilað skriflega eða á netfangið **skipulag@reykjavik.is** til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, eigi síðar en 4. mars 2019.

Fjöldi fundargesta um 220.
Fundi slitið kl. 19.15.